

Gýgjarhólskot í Biskupstungum.
Efnasamsetning heits vatns

Magnús Ólafsson

GÝGGJARHÓLSKOT Í BISKUPSTUNGUM

Efnasamsetning heits vatns

Þann 22. júlí 1986 var tekið sýni af volgu vatni úr borholu í landi Gýggjarhólskots í Biskupstungum. Holan er í lækjarfarvegi suður á milli bæjanna Gýggjarhólskots og Gýggjarhóls, og eru þar volgar uppsprettur allt um kring. Þegar sýnataka fór fram rann vatn upp úr holunni og var hiti þess 20,7°C.

Sýnið hefur nú verið efnagreint í efnarannsóknastofu Orkustofnunar, og eru niðurstöður sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/kg)

Dags.	86-07-22
Númer	86-0106
Hiti (°C)	20,7
pH/°C	8,90/22
SiO ₂	36,1
Na	31,3
K	1,8
Ca	3,7
Mg	0,85
CO ₂	54,2
SO ₄	7,3
H ₂ S	<0,03
Cl	9,0
F	0,58
Uppl. efni	129

Með tilliti til þeirra efna, sem mæld voru, þá stenst vatnið kröfur sem ágætt neysluvatn. Ef nota á það til seiða- eða fiskeldis er talið rétt að bera efnagreiningu þess undir fiskeldisfræðing.

Út frá styrk ýmissa uppleystra efna í vatni má oft ráða í hvaða hita vatnið hefur náð djúpt í jörðu, þar sem ríkir jafnvægi milli vatns og

bergs. Útreikningar á slíkum efnahita benda ekki til að fá megi að ráði heitara vatn á þessum stað.

Samhliða þessari sýnatöku, var tekið sýni á glertúpu af köldu kranavatni á Gýgjarhóli. Tilgangur þeirrar sýnatöku var að mæla sýrustig (pH) vatnsins. Niðurstöður eru sýndar í töflu 2.

Tafla 2. Kalt kranavatn á Gýgjarhóli

pH/°C	8,94/22
CO ₂	33 mg/kg
H ₂ S	<0,03 -"-

Magnús Ólafsson